



Kjördagur er 27. maí
Opnunartími kjörstaða í
Árborg er kl 09 - 22:00.

Kjörstaðir eru
í Vallaskóla á Selfossi,
Barnaskólanum á Stokkseyri
og Félagsheimilinu Stað á
Eyrarbakka.

1. tbl. 4. árgangur maí 2006

Jón Hjartarson efsti maður á lista Vinstri grænna í Árborg skrifar:

Styrkur Árborgar er sérstaðan



Jón Hjartarson oddviti
Vinstri grænna í Árborg.

Suðurland er gjöfulasta og fjölbreyttasta
landbúnaðarsvæði landsins.

Þar er að finna öll svið landbúnaðar hverju
nafni sem þau nefnast og flest öll í sókn. Hér er
sama hvert lítið er, hvort um er að ræða hefð-
bundna landbúnaðarframleiðslu, garðyrkju,
ferðaþjónustu, hrossarækt og hestamennsku,
kornrækt o.fl. ofl. Úrvinnsla og verslun með
afurðir landbúnaðarins er vaxandi atvinnu-
grein.

Selfoss í sveitafélaginu Árborg, er höfuð-
staður Suðurlands, sem sækir styrk til athafna-
semi Sunnlendinga allra um leið og Selfoss er

mikilvægasti þjónustu- og byggð-
arkjami fyrir Suðurland.

Árborg verði leiðandi í umhverfismálum

VG hafa sett fram málefnastrá-
tíu fyrir næstu sveitarstjórnarkos-
ningar þar sem sett er á oddinn að
Sveitarfélagið Árborg verði leiðandi
sveitarfélag í umhverfismálum á
Íslandi. Þessi stefnumótun er leiðar-
ljós um hvernig haga skuli áherslum
í hinum ýmsu málum sem varða
vöxt og þróun samfélagsins.

Við leggjum þunga áherslu á að
varðveita þá ímynd sem Suðurland
hefur í umhverfismálum og viljum
styrkja þá ímynd.

Við viljum stórefla úrvinnslu
landbúnaðarafurða á Selfossi og
rannsóknir á matvælasviði í sam-
vinnu við aðila landbúnaðarins, úr-
vinnsluadila og aðra sem að málum
koma.

Við viljum að umhverfisstefna
Árborgar leiði til þess að Árborg
verði eftirsótt gæða vörumerki, not-
að á vörur sem framleiddar eru hér
og þjónusta sem veitt er. Verslun og
þjónusta með vistvænar og lífrænt
framleiddar vörur verði aðalsmerki
sveitarfélagsins.

Háskólasetur á Suðurlandi

Við viljum efla alla menntun í sveitar-
félaginu frá leikskóla til háskóla. Við leggjum
mikla áherslu á að stofnað verði Háskólasetur
Suðurlands með þátttöku allra háskólanna á
Íslandi og vísinda- og rannsóknarstofnana á
Suðurlandi. Háskólasetrið sjái um að halda
utanum kennslu á háskólastigi bæði varðandi
fjarnám og staðbundna kennslu þannig að
fólk á Suðurlandi eigi kost á að stunda flestar

greinar háskólanáms til fyrstu prófgráðu í
heimabyggð. Háskólasetrið verði líka regnhlíf
yfir rannsóknar- og fræðastörf og um leið
aflvaki til frekari starfsemi á sviði rannsókna
og fræða.

Símenntun í takt við breytingar

Við viljum stórefla símenntun með því að
sveitarfélagið leggi fram 20 milljónir á næstu 4
árum til símenntunar. Lagt er til að Fræðsluneti
Suðurlands verði falin framkvæmd verksins í
samvinnu við stéttarfélagin. Átakið á einkum
að ná til þeirra sem minnsta menntun hafa og
gera þeim þannig kleift að taka þátt í uppbygg-
ingu hátækni- og þekkingarfyrirtækja sem við
leggjum áherslu á að eflist hér í ríkum mæli.
Þessi tegund fyrirtækja þarf á að halda fjölda
fólks með tölvukunnáttu, tungumálakunnáttu,
góða hæfni í samskiptum o.s.frv. Þótt ekki sé
um háskólapróf að ræða.

Kröftug símenntun fólks með litla form-
lega grunnmenntun veitir því tækifæri, sem
það hefur lengi beðið eftir en fáir sinnt með
viðeigandi hætti. Hér er um að ræða fólk sem
af margvíslegum ástæðum hefur hætt form-
legu skólanámi. Það þarf að hitta þetta fólk
og aðstoða það við að afla sér frekari mennt-
unar sér að kostnaðarlausu. Grunnmenntun
á grunn- og framhaldsskólastigi á að vera ó-
keypis burt séð frá aldri.

Efling ferðaþjónustunnar mun einnig sækja
í þennan námshóp í ríkum mæli því þar vantar
fólk með fjölbreytta þjálfun og þekkingu.

Stóriðja samrýmist ekki ímynd Suðurlands,
hún er stílbrot á svæði sem leggur höfuð-
áherslu á þróun framleiðslu, verslunar og
þjónustu á vistvænum nótum. Við leggjum
áherslu á uppbyggingu starfsemi sem sam-
rýmist umhverfisstefnu VG og ímynd
Suðurlands og höfnum stóriðjuframkvæmdum
á Suðurlandi.

Við viljum samfélag "Fyrir okkur öll og á
ábyrgð okkar allra".

Hreinar línur!

Árborg leiðandi sveitarfélag í
umhverfismálum!

Gjaldfrjáls leik- og grunnskóli!

Tuttugu milljónir til símenntunar
– símenntun er mannréttindi!

Heimaþjónusta og heimahjúkrun
há sveitarfélaginu!

Forðumst umhverfisslys – verndum
Ingólfsfjall!

Menningarmiðstöð og mannlíf í
miðbæinn!

Þjóðveg 1 suður fyrir Selfoss.
– Þyrnum Hellismýrinni og
golfvællinum!

Sveitarfélagið Árborg er þjónustu-
stofnun!

Nýr grunnskóli í nýju hverfi við
ströndina!

Dagdeild fyrir aldraða og sjúka
verði eflid!

Umönnunarstörf verði betur
launuð!

Ný búningaöstaða fyrir Sundhöll
Selfoss!

Stofnaður verði Skólaverkefna-
sjóður Árborgar!

Nýir Íslendingar fái íslensku-
kennslu!

Sveitarfélagið standi fyrir öflugu
forvarnastarfi!

Göngu- og hjólastígakerfi um
sveitarfélagið!

Stofnað verði háskólasetur Suður-
lands í Árborg!

Bætt aðgengi fyrir fatlaða!

Kosningamiðstöð Vinstri grænna

Tryggvagötu 8 Selfossi

Opið alla virka daga frá kl 12 - 19
og laugardaga kl 9 - 16.

Morgunkaffi hjá Vinstri grænum á laugardagsmorgnum

Rokkað til vinstri

með Andreu Jónsdóttur
og félögum

í kosningamiðstöðinni
sunnudag 21. maí!

Skólafarir og skólafarir

Skólafarir og viðhorf til skólafarar hefur breyst mjög á undanföllum árum.

Fólk er almennt farið að gera sér grein fyrir mikilvægi menntunar hvort sem um er að ræða leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla. Möguleikar fólks til að mennta sig hafa aukist með tilkomu hinna ýmsu skóla á öllum skólafarigum og ekki síst með fjarkennslu. Símenntun fólks úti á hinum almenna vinnumarkaði er orðin sjálfsgöð og þá skiptir engu hvaða grunn eða prófgráðu fólk hefur.

Kraftmikið grunnskólafarir

Ef við horfum á grunnskólann þá hefur mikil þróun átt sér stað varðandi kennsluhætti, skólafarir-næði og hlutverk. Grunnskólinn er fyrir alla og farið er að horfa mun meira á hvern einstakling og koma sem mest til móts við þarfir hans og áhuga. Ýmis konar þróunarfari í skólum hefur aukist til muna sem hefur jákvæð áhrif á skólafarir og virkar oft sem vítamínsprauta inn í það. Mörg dæmi eru um að gamaldags skólafarir hafi gjörbreyst með því að fara út í ný og spennandi verkefni. Auðvitað kostar öll nýbreytni tímabundið vinnuálag. Hins vegar skilar það ánægðari og kraftmeiri nemendum og starfsfólki og þar með betra



Hilmar Björgvinsson, skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg. Hann er aðstoðarskólafarir í grunnskólunum Ljósaborg í Grímsnesi.

skólafarir. Auðvitað eru alltaf einhverjir sem engu vilja breyta og jafnvel vinna gegn breytingum og framförum.

Nýbreytni í grunnskólum Árborgar

Það er óhætt að segja að á undanföllum árum hafi grunnskólur Árborgar verið í mikilli sókn. Skólafarir hafa unnið að mörgum mjög athyglisverðum þróunarkerfum enda höfum við marga framúrskarandi kennara, stjórnendur og annað starfsfólk í skólunum. Með tilkomu Sunnulaekjarskóla varð til ný skólafarir þar sem áhersla er m.a. lögð á einstaklingsmiðað nám í opnum rýmum. Það er mikill kostur fyrir sveitarfélagið að geta boðið upp á mismunandi skóla með mismunandi áherslum. Skóla sem eru að vinna að fjölbreyttum skólafarirkerfum hver á sínum stað.

Uppbygging skóla

Brýnasta úrlausnarefni varðandi húsnæðismál grunnskólanna er að byggja nýjan skóla í stað Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Húsnæði hans er illa farið og alveg úr takt við tímamann. Vinstri græn vilja að byggður verði nýr skóli norðan

Stokkseyrarvegur og austan Eyrarbakkavegur í nýju glæsilegu hverfi sem verður hannað í tengslum við Eyrarbakka og Stokkseyri. Strax verði farið í undirbúningsvinnu. Mynda þarf teymi með þátttöku íbúa og skólafólks sem fer í faglega hugmyndavinnu um skólafarir og skólinn yrði síðan hannaður með tilliti til þess. Ekki ósvipað vinnuferli og þegar Sunnulaekjarskóli var skipulagður.

Skólafarir nýja skólans verður byggðin í kringum hann, Eyrarbakki, Stokkseyri, Tjarnarbyggð (Búgarðabyggðin í Kaldaðarnesi) og nemendur úr dreifbýli Árborgar. Fljótlega yrðu því um 200-250 nemendur í skólunum. Þarna yrði settur á stofn skóli með einum bekk í árgangi sem yrði seinna meir með tveimur bekkjum í árgangi. Einn til tveir bekkir í árgangi er mjög góð stærð af skóla. Við teljum þetta vera bestu lausnina faglega og fjárhagslega. Það er ekki gott að klastra einhverjum nýbyggingum við gömlu skólana. Það hefur aldrei reynst vel fyrir utan það að slíkt verður alltaf dýrara heldur en menn reikna með í upphafi.

Skólafarirkerfnasjóður Árborgar

Til að styðja við nýbreytni og þróunarfari ætla Vinstri græn að stofna Skólafarirkerfnasjóð Árborgar eftir kosningar, ef við fáum tækifæri til þess. Í sjóðinn verði settar 3 milljónir á ári frá ársbyrjun 2007. Með þessu viljum við hvetja leik- og grunnskólakennara til áframhaldandi þróunarfari sem við vitum að er mikils virði.

Vinstri græn í Árborg munu leggja mikla áherslu á góða og faglega uppbyggingu skólafarir. Við treystum starfsfólki skólanna til áframhaldandi góðra verka.

Hilmar Björgvinsson

Láttu hjartað ráða hvað þú kýst

Ágætur kunningi minn sagði við mig um daginn þegar í ljós kom að VG væri með tæplega 9% fylgi í skoðanakönnun í Árborg: "Sjáðu þarna falla dauð niður 9% atkvæða sem aðeins nýttast íhaldinu". Ég þekki viðhorfið og spurði hann hvort þetta væri lýðræðishugsunin í Samfylkingunni. Kosningar og stjórnmál snúast ekki um dauð atkvæði, þá væri hér aðeins einn flokkur, ein viðurkennd skoðun og einræðisherra eins og hefur verið og er í alltof mörgum samfélögum í heiminum. Kosningar eru tilraun til þess að sem flestar skoðanir komist að og fái að njóta sín. Þess vegna eru 9 fulltrúar í bæjarstjórn í Árborg og 63 Alþingismenn.

Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur frá upphafi sýnt það að hún hefur skoðanir sem eru nýstárlegar og að mörgu leyti aðrar en aðrir stjórnmálaflokkar hafa. Hún hefur einnig þorað að bera fram hugmyndir sem ekki eru allra, en hafa reynst eiga viðtækara fylgi en trúað var fyrirfram. Það á t.d. við um gjaldfrjálsan leikskóla sem þótti afar slæm hugmynd fyrir fjórum árum, en nú vilja aðrir stjórnmálaflokkar eigna sér hana. Þess vegna er mikilvægt að VG, Frjálslyndi flokkurinn og jafnvel "exbé" bjóði fram sem víðast, hvort sem er til sveitarstjórna eða til Alþingis. Það er ólýðræðisleg og lítillmótleg baráttuáferð þegar stjórnmálaflokkar eigna sér atkvæði fólks og gefa sér það að atkvæði greidd einum stjórnmálaflokki séu frá þeim tekin eða gagnist einhverri allt annarri stjórnmálhreyfingu en þeirri sem fær atkvæðið.

Kjósandi góður, finnst þér að málflutningur VG eigi samhljómi í hjarta þínu, greiddu þá atkvæði eins og hjartað býður, það er þitt að ráðstafa atkvæðinu.

Vinstri græn, hreinar línur

Porsteinn Ólafsson form. kjördæmisráðs VG í Suðurkjördæmi.



Nú ættum við gamlingjarnir á Íslandi að geta glaðst og horft björtum augum til framtíðar. Sjaldan hafa gylliboðin, sem eiga að freista okkar til að kjósa ríkisstjórnarflokkana í komandi sveitarstjórnarkosningum verið eins hástemd og nú.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn lofa gulli og grænum skógum ef við bara kjósum þá. Þá á hjúkrunarheimila vandinn að leysast og allar áhyggjur okkar vegna spurningarinnar um hve lengi við getum búið heima hjá okkur ef við getum ekki lengur bjargað okkur sjálf eiga sömuleiðis að vera horfnar. Samfylkingin vill ekki vera síðri en stjórnarflokkarnir í loforðaflaumnum og segir okkur að öll vandamál aldraðra muni leysast ef málefni þeirra komist bara undir stjórn sveitarfélaganna! Kosningaloforð þessara flokka í málefnum aldraðra í komandi sveitarstjórnarkosningum í Árborg eru sama marki brennd. Þar er lofordalastinn langur og gylliboðin mörg.

Við, aldraðir, vitum að hér er aðeins um skrum og gylliboð að ræða. Það hefur stjórn þessara flokka á málefnum aldraðra síðustu árin kennt okkur. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þetta ágæta fólk viti að það sem stendur þessum málaflokki fyrir þrífum er fyrst og síðast fjárskortur. Forgangsröðunin

Stöndum við orðin

hefur verið röng. Í stað þess að tryggja gömlu fólki mannsæmandi kjör og aðbúnað þegar það getur ekki lengur séð um sig sjálf vegna þverrandi krafta eða veikinda, hefur umönnunarförfinni ekki verið sinnt en skattheimta á þennan þjóðfélagshóp verið aukin og stór hluti hans er hnepptur í fátæktargildru.

Að mínu mati eigum við ekki að nálgast öldrunarmál og úrlausn þeirra sem vandamál. Gamalt fólk á sama rétt til mannsæmandi lífs og aðrir samfélagshópar og aldraðir eiga að gegna mikilsverðu hlutverki í samfélagi okkar. Reynsla þeirra og þekking t.d. á umhverfi, staðhættum, verklagi og sögu genginna og eigin kynslóðar er ómetanlegur auður, samfélagslegur hlekkur, sem á að meta og nýta.

Að því kemur hjá mörgum öldruðum að þeir þurfa á aðstoð og umönnun að halda eins og hver annar samfélagshópur. Réttur þeirra til samfélagsþjónustu eftir þörfum er óumdeilanlegur og úrlausn þess verkefnis á ekki að vefjast fyrir okkur. Gamalt fólk er ekki einsleit hópur og þjónustuþarfir þeirra eru mismunandi. Í þessu sambandi er mikilsvert að undirstrika að við ákvarðanir og úrlausn í velferðarmálum aldraðra verður að taka mið af kynbundnum mun þeirra. Tekjur, þarfir, reynsla og viðhorf þessa hóps eru ekki hin sömu fyrir konur og karla engu síður en hjá öðrum samfélagshópum.

Ofangreind viðhorf liggja til grundvallar stefnumótunar Vinstri grænna í Árborg í málafnum aldraðra og m.a. þess vegna styð ég flokkinn í komandi kosningum og féllst á að skipa 6. sæti á lista hans í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Hér fara á eftir helstu áherslur Vinstri grænna í málefnum aldraðra í Árborg

• Við viljum að sveitarfélagið leggi allt kapp á að samræma og koma undir eina stjórn

heimafjónustu og heimahjúkrun fyrir aldraða. Við viljum sem sé að komist verði að samkomulagi við ríkisvaldið um að sveitarfélagið taki við stjórn heimahjúkrunar að því tilskyldu að nægir fjármunir fylgi þessu verkefni til sveitarfélagsins. Stjórnkerfisággallar eiga ekki að hindra lipra og góða velferðarþjónustu, sem mætir þörfum hvers og eins. Við viljum að sem flestir aldraðir í Árborg geti búið sem lengst heima hjá sér og þessi þjónusta er mikilvægur hlekkur í því samhengi.

• Við viljum að sveitarfélagið geri allt sem í þess valdi stendur til að tryggja að byggð verði 3. hæð við væntanlegt hjúkrunarheimili við Heilsugæsluna. Jafnframt verður sveitarfélagið að beita öllum sínum þunga í þá veru að í þessu væntanlega hjúkrunarheimili verði tryggt að gamalt fólk geti búið í sérþýli og rekstrarform þess verði heimilislegt.

• Við viljum að dagdeildarþjónusta fyrir aldraða verði eflað og tímallengd hennar fyrir einstaklinga verði í samræmi við þarfir hvers og eins.

• Við viljum að sveitarfélagið meti í bættum launum starfsfólks mikilvægi umönnunarstarfa í þágu aldraðra.

• Við viljum að Árborg endurskoði reglur sínar varðandi afslátt á fasteignagjöldum tekjulágra aldraðra. Nú eru tekjuviðmið Árborgar, þegar afsláttur fellur niður, lægri en í nágrennasveitarfélögum. Þar munar nokkrum hundruðum þúsunda. Við það er ekki unandi.

Að lokum, við viljum tryggja að allir aldraðir geti lifað með reisn, það eru mannréttindi.

Guðrún Jónsdóttir, lífeyrisþegi, skipar 6. sæti á lista VG í Árborg.

Fjölskylduvænt sveitarfélag

Eitt af baráttumálum Vinstri grænna er að allir í sveitarfélaginu búi við fjölskylduvænt samfélag. Ég vil leggja ríka áherslu á að hér sé metnaðarfullt starf í öllum skólum og tómsundarstarfi sveitarfélagsins.

Ég veit að öflugt tómsundastarf er besta forvörnin gegn vímuefnaneyslu unglinga. Mesta áhættutímabil barna, þar sem þau byrja að fíka við vímuefni, er grunnskóla- og framhaldsskólaárin. Því er nauðsynlegt að grunnskólar séu í miklu og góðu samstarfi við íþrótt- og tómsundastarf sveitarfélagsins og að hér á að vera öflug forvarnarstefna. Einnig er nauðsynlegt að sveitarfélagið geti tryggt öllum börnum jafnan aðgang að tómsundastarfi, óháð fjárhag eða búsetu.

Hér á öllum að þykja gott að búa

Sveitarfélagið á ekki eingöngu að vera aðlaðandi kostur fyrir barnafjölskyldur, hér á öllum að þykja gott að búa.

Ég vil að lögd verði rík áhersla á öldrunarmálin svo að eldra fólk sjái Árborg sem eftirsótt bæjarfélag til búsetu. Eldra fólk hefur mismunandi þarfir og langanir og því er nauðsynlegt að sveitarfélagið komi til móts við þarfir þess og að það hafi val um í hvernig húsnæði það býr. Því þarf sveitarfélagið að leggja kapp á að samræma og koma undir eina stjórn heimaþjónustu og heimahjúkrun fyrir aldraða. Til þess þarf að semja við ríkisvaldið um að sá hluti heilbrigðisþjónustunnar sem heimahjúkrunin er verði á forsjá sveitarfélagsins og með því fylgi tekjustofn. Auðvitað á þetta við um alla sem þurfa á þessari þjónustu að halda af hvaða ástæðu sem er.

Enginn verði útundan

Það er fólk á öllum aldri sem þarf á margvíslegri samfélagsþjónustu að halda og hana á sveitarfélagið að veita. Okkur finnst öllum eðlilegt að hafa leikskóla og grunnskóla. Hér er fólk á öllum aldri sem þarf á dagvistun að halda, sem þarf á flutningi að halda milli staða

og sem þarf heimilishjálp og hjúkrun á heimili sínu.

Það er sveitarfélagsins að sjá til þess að enginn verði útundan og að allir geti þegið það sem þeir þurfa með reisin.

Sigrún Þorsteinsdóttir í 3. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.

Myndin af Sigrúnu er tekin í Þórsmörk.



Fyrir okkur öll - á ábyrgð okkar allra

Málefni fatlaðra eru einnig málefni sveitarfélagsins, þessi hópur fólks er hluti af samfélaginu sem við búum í og á því ekki að aðgreina frá öðru fólki sem þar býr.

Viðhorf okkar til annarra skipta öllu máli um hvernig við mætum öðru fólki. Við viljum búa í samfélagi án aðgreiningar, þá er nauðsyn að gera sér grein fyrir að við byrjum á okkur sjálfum og hvernig við hugsum um aðra; við megum ekki aðgreina!

Sveitarfélagið er fólkið sem býr þar!

Aðgengi fyrir alla

Aðgengi að samfélaginu fyrir fatlaða - hreyfihamlaða, heyrnar- og sjónskerta og í raun fólks með alls kyns fötlun er að sjálfsögðu grundvallar mannréttindi. Útilokun á ákveðnum hópum, ómeðvitað eða meðvitað, hindrar þátttöku þeirra og þar af leiðandi er verið að mismuna fólki innan samfélagsins sem það býr í, og telst það til brota á mannréttindum þeirra.

Skóli fyrir alla



Samkvæmt gildandi lögum eiga fötluð börn rétt til náms með viðeigandi stuðningi á öllum skólastigum, einnig segja leikskólalögin að fötluð börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka aðstoð skuli fá hana innan leikskólans. Það þarf að lyfta grettistaki í menntunarmálum fatlaðra, en allir eiga sama grundvallarrétt til menntunar og skólagöngu.

Tómsundir fyrir alla

Fatlaðir eiga, á sama hátt og aðrir þegar sveitarfélagsins, að geta tekið þátt í mannlífinu, námi og störfum háð getu og óskum hvers og eins. Mikilvægt er því að sveitarfélagið sinni sínum skyldum við fatlaða eins og aðra þegna og tryggi aðgengi þeirra að öllum þáttum í lífi og starfi í Árborg. Sveitarfélagið Árborg og stofnanir þess eru til staðar fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Alma Lísu er deildarstjóri búsetu á Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

Aðstæður eftir þörfum

Eins og staðan er í grunnskólum Árborgar í dag er ýmsu ábótavant í aðgengismálum.

Sérdeild Vallaskóla, Hvítu skóli, er staðsett í tvíflytu gömlu húsi þar sem er mjög þröngt og hentar húsnæðið illa fötluðum nemendum þess. Auk þess er staðsetning húsnæðisins í sjálfu sér aðgreinandi vegna þess að Hvítu skóli er ekki inni í sjálfum Vallaskóla. Hjólastólar og önnur hjálpartæki eru hvarvetna fyrir nemendum deildarinnar og hreyfihamlaðir nemendur eiga ekki aðgengi upp á aðra hæð Hvítu skóla. Einnig takmarkar rýmið þá frábæru starfsemi sem þar fer fram. Þetta er eitt dæmi um það sem þarf að laga.

Virðing fyrir öllum

Lykillinn að fullri þátttöku er aðgengi að samfélaginu.

Með þátttöku hefur einstaklingurinn möguleika á að hafa áhrif á eigið líf og aðstæður. Virða þarf viðhorf og skoðanir fólks og samvinna og samráð er grundvöllur í skilningi á aðstæðum og þörfum fólks. Þetta er forsenda fyrir þátttöku allra íbúa í sveitarfélaginu og grunnur að samfélagi fyrir alla!

Alma Lísu Jóhannsdóttir í 4. sæti Vinstri grænna í Árborg.

Samgöngur og umhverfi



Það er mikilvægt í nútímasamfélagi að gæta að umhverfinu. Hluti af því er að skipuleggja byggð með þeim hætti að samgöngur valdi sem minnsti loftmengun.

Því miður stefnir í það að Íslendingar verði ein mesta bílaþjóð í heimi ef hún er ekki orðin það nú þegar. Ótrúlega mörg heimili komast

ekki af með færri en 2 bíla.

Einn af kostunum við að búa í Árborg á að vera að hægt verði að ferðast milli staða án þess að nota heimilisbílinn og að hér verði jafnvel hægt að spara sér að eiga bíl. Vissulega er hér búsett fólk sem með útsjónarsemi kemst af án bíls, en því er ekki gert það auðvelt. Tíðar og ódýrar strætisvagnaferðir til og frá Reykjavík með samtengingu við strætisvagna höfuðborgarsvæðisins hljóta að vera forgangsverkefni stjórnmalaflokks eins og VG.

Innanbæjar þarf skipulagið að vera þannig að komast megi allra sinna ferða gangandi, hjólandi eða í hjólastól. Auðvitað á skipulag nýrra íbúðahverfa að vera á þann veg að umferð bíla og leiksvæði barna verði aðskilin. Það á einnig að vera mögulegt að komast milli staða með strætisvögnum innan sveitarfélagsins.

Fyrsta skrefið í þá átt er að gerð verði áætlun um ferðir milli þéttbýlisstaða sveitarfélagsins og henni síðan hrundið í framkvæmd. Það er ekki víst að farþegarnir verði margir til að byrja með og vagnarnir þurfa því ekki að vera stórir en notkunin kemur til með að aukast þegar fólk gerir sér grein fyrir lágu fargjaldi og tíðum ferðum vagnanna. Vinstri græn leggja til að byggðin við ströndina verði stórefld með nýjum skóla í nýju hverfi, skipulögðu með fjölskyldufólk í huga. Með fjölgun íbúa í því hverfi og nýju Tjarnarbyggðinni aukum við möguleikana á tíðum strætisvagnaferðum á öllu svæðinu.

Vinstri Græn – hreinar línur

Guðmundur Sverrisson formaður Vinstri – Grænna í Árborg

Vinstri græn í Árborg



Útgefandi: Vinstrihreyfingin Grænt framboð í Árborg. Ritnefnd: Jón Hjartarson, Andrés Rúnar Ingason, Guðmundur Sverrisson og Þorsteinn Ólafsson. Árbyrgðarmaður: Guðmundur Sverrisson. Umbrot: Andrés Rúnar Ingason. Myndir: Jóhann Óli Hilmarsson o.fl. Prentun: Prentsmiðja Guðjóns Ó., vistvæn prentsmiðja.

Heimasíða Vinstri grænna í Árborg <http://www.vgsudurland.is> Netfang: vgsudurland@vgsudurland.is Heimasíða Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á landsvísu: <http://www.vg.is>

 **Vinstri græn** í Árborg 



1. Jón Hjartarson



2. Hilmar Björgvinsson



3. Sigrún Þorsteinsdóttir



4. Alma Lísu Jóhannsdóttir



5. Andrés Rúnar Ingason



6. Guðrún Jónsdóttir



7. Eiríkur Harðarson



8. Jóhann Óli Hilmarsson



9. Bríet Einarsdóttir



10. Guðmundur Sverrisson



11. Sigfinnur Snorrason



12. Viðar Magnússon



13. Eiríkur Már Rúnarsson



14. Þorsteinn Ólafsson



15. Sigurður Ingi Andrésson



16. Margrét Magnúsdóttir



17. Ólafur Thorlacius



18. Iðunn Gísladóttir